

Ár 2024, miðvikudaginn 3. apríl 2024, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Gunnari Guðmundssyni dómsforseta að Austurströnd 3, Seltjarnarnesi.

Fyrir er tekið: Mál nr. 4/2024.

Sigurgeir Guðmundsson  
gegn  
Skotíþróttafélagi Kópavogs

Kæra, merkt sem dómskjal nr. 1 liggur frammi í málinu.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

### ÚRSKURÐUR

Málið var höfðað með kæru af Sigurgeiri Guðmundssyni kt. 090857-4019. Kærði er Skotíþróttafélag Kópavogs. Kæran var móttækin af skrifstofu ÍSÍ þann 19. mars 2024.

Undirritaður dómsforseti tekur málið til meðferðar á grundvelli greinar 27.2. og 27.3. í lögum ÍSÍ

Dómkröfur kæranda voru eftirfarandi: „Að stjórnarkjör „Aðalfundar“ þann 26.2. 24 verði dæmt ógilt og stjórnarkjör fari fram samkvæmt lögum félagsins.“

Eins og fram kemur hér að framan snýr kærana að atviki sem gerðist á aðalfundi hins kærða félags þann 26.2. s.l.

Ljóst er að kæra þessi uppfyllir ekki skilyrði greinar 24.1. um kærufrest í lögum ÍSÍ sbr. grein 27.3 í sömu lögum.

Með vísan til framanritaðs ber að vísa máli þessu frá dómi.

### Úrskurðarorð

Máli þessu er vísað frá dómi.

Gunnar Guðmundsson

Grein 24.3. í lögum ÍSÍ: Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi fimm daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.